



RNSA

8. mars 2018

Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Húsi FBSR Flugvallarvegi 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 2.3.2018

Efni: Skýrsla Rannsóknarnefndar samgönguslysa í máli nr. 071 / 15 – Sólrún EA 151

Vísað er til skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa nr. 071/16 þar sem skipverji slasaðist við spil á Sólrúnu EA 151 þann 23. mars. 2016.

Orsök slyssins var óvarkárni slasaða en nefndin beinir því til Samgöngustofu að reglur um viðurkenndan neyðarstöðvunarbúnað verði settar fyrir fiskiskip undir 15 metrum að lengd í samræmi við reglugerð nr. 122/2004 um öryggi fiskiskipa

Samgöngustofa bendir á að reglur um neyðarstöðvunarbúnað fyrir fiskiskip undir 15 metrum eru að finna í reglum nr. 592/1994 um smíði og búnað báta með mestu lengd allt að 15 metrum í kafla V-30, reglu 13 þar sem kemur fram að hver bátur skuli hafa öryggisbúnað við línuvindu til netaveiða sem stöðvar vinduna samstundis ef maður dregst inn að vindukoppnum með veiðarfærunum. Um öryggi á netaspili er fjallað í verklagsreglu Samgöngustofu nr. 15.1.4.1.37 3702 – öryggi á netaspil.

Virðingafyllst,

Jón Bernóðsson

fagstjóri rannsókna, þróunar og greiningar

Magnús D. Baldursson

lögfræðingur